



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 130/1492

komudagur 24. 3. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. mars 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, 85. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillögu til þingsályktunar um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, 85. mál.

Alþýðusambandið styður framangreinda þingsályktunartillögu og leggur til að hún verði samþykkt.

Engar ívilnanir eru nú veittar vegna ættleiðingar frá útlöndum, líkt og gildir t.d. um tæknifrjóvgun. Ættleiðingum frá útlöndum fylgir umtalsverður kostnaður, svo mikill að þær eru ekki á færi lágtekjufólks. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með tillögunni.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ